



ÁRSSKÝRSLA 2021



EFNISYFIRLIT

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS	2
STARFSEMI OG SKIPULAG	3
FÓLKIÐ Á BAK VIÐ STARSEMINA	4
STEFNA REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2021–2025	5
SAMFÉLAG SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐAFÓLKS. STEFNUSKRÁ 2021–2022	7
LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI 2021	8
HELSTU VERKEFNI STARFSÁRSINS 2021–2022	9
TUTTUGU OG FIMM ÁRA AFMÆLI REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR – AFMÆLISÁR	13
SVIPMYNDIR FRÁ AFMÆLISMÁLÞINGINU „DÚTLAÐ VIÐ ÞJÓÐARSÁLINA“	15
RANNSÓKNIR OG RANNSÓKNARÞJÓNUSTA	17
SAMTAL VIÐ SAMFÉLAGIÐ – MIÐLUN ÞEKKINGAR	18
SKÝRSLUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2021–2022	20
ÖLLUM TIL HEILLA samtal um samfélagslistir	21
SKÝRSLA FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2020–2021	22
BÓKASAFN DAGSBRÚNAR	25
Í MINNINGU Geirs Svanssonar (1957–2022)	26
ÁRSREIKNINGUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR SES 2021	27
ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2021	30
FRÆÐIMENN OG FÉLÖG	31

Ársskýrsla ReykjavíkurAkademíunnar 2021

Júní 2022

Ábyrgðarmaður Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Ljósmyndir Anna Þorbjörg nema annað sé tekið fram.

Útgefandi: ReykjavíkurAkademían ses

Útgáfunúmer RA–2022–2

Þórunnartún 2, 105 Reykjavík

562 8565 / ra@akademia.is

www.akademia.is



Þá er enn eitt árið liðið í aldanna skaut; ársskýrslu- og aðalfundaáramótin eru að vísu á öðrum tíma en þau venjulegu en áramót samt – raunar gætum við haldið upp á áramót á hverjum degi ef við vildum.

Nú erum við búin að vera í átta ár hér í Þórunnartúninu og hlutirnir komnir á gott ról, aðstaðan hefur farið stöðugt batnandi og bókasafnið og fundaraðstaðan á fyrstu hæð er nú orðin til mikils sóma og hefur bæst við okkar ágætu skrifstofu- og kaffistofuaðstöðu á annarri hæðinni.

Mest er þó um vert að fjöldi verkefna sem verið hafa í undirbúningi og vinnslu síðustu árin eru nú að taka á sig mynd og efla þar með stöðu RA innan fræðasamfélagsins. Mikil stefnumótunarvinna, bæði innan RA fyrir eigin hag og uppbyggingu, sem og fyrir opinbera aðila, þ.e. ráðuneyti og

fjárveitingavald hefur farið fram á síðustu árum og sett hafa verið af stað og verið er að vinna að samvinnu- og áfangaverkefnum með öðrum fræðastofnunum, opinberum aðilum og stjórnvöldum. Nú er afrakstur þeirrar vinnu að taka á sig mynd sem vonandi leiðir til aukinna möguleika ReykjavíkurAkademíunnar til að styðja og efla sitt fólk og verkefni þess og vinnu. Allt er þetta frábært en gleymum því ekki að meðal sterkustu grunnstoða Reykjavíkur-Akademíunnar eru allar þær fjölmörgu og fjölbreyttu rannsóknir og verkefni sem einstakir demónar hafa unnið á eigin forsendum. Þær undirstöður eru ein meginástæðan fyrir því að ReykjavíkurAkademían lagði ekki upp laupana einhvern tíma á síðustu 25 árum en heldur upp á aldarfjórðungs starfsafmæli sitt á þessu ári og styrkir stöðu sína jafnt og þétt. Í tilefni tímamótanna var haldið afmælistálþing með hátíðardagskrá þann 7. maí sem var fjölsótt og heppnaðist ákaflega vel; margir gamlir Demónar mættu og hlýjir straumar í garð ReykjavíkurAkademíunnar voru áþreifanlegir. Áætlað er svo að halda annað afmælistálþing með meira rannsóknarmiðuðum áherslum þann 14. október næstkomandi. Einnig var stofnaður afmælistjóður sem ætlað er að standa undir kostnaði við búnað í fundarsalnum og er það von stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar að Akademónar, bæði gamlir og nýjir taki honum vel.

Önnur undirstaða þess að starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar hefur staðið óslitið í aldarfjórðung er að hún er ekki bara vinnustaður heldur samfélag þar sem fram fer öflugt félagsstarf sem bæði byggist á hefðbundnum félagsviðburðum svo sem haust- og vorferðum, árshátíðum o.þ.h., en í félagsstarfinu geta líka myndast samvinnuverkefni sem leitt geta lengra og er þar skemmst að minnast þess að með reglulegu millibili er haldið svokallað Öndvegiskaffi þar sem Akademónar kynna viðfangsefni sín innanhúss, svo allir viti hvað allir eru að iðja.

Á afmælistálþinginu var minnst á að ReykjavíkurAkademían hefði á upphafsárum sínum verið nokkurt mótvægi við háskólasamfélagið. Við skulum stefna leynt og ljóst að því að styrkja og efla þá stöðu okkar og eins og Gunnar Þorri Pétursson orðaði það á afmælistálþinginu: „gleymum ekki sögu okkar, að við spyrjum stórra spurninga í einlægni og hlustum, hlustum af athygli á okkur sjálf, á hvert annað og á vængjaslátt tímans.“

Að svo búnu óska ég ReykjavíkurAkademíunni og nýjum stjórnnum hennar – bæði SES og FRA, gengis og farsældar á komandi árum.

Ingunn Ásdísardóttir, formaður

STARFSEMI OG SKIPULAG


Opin umræða og skoðanaskipti eru grundvöllur þess að akademísk fræði þrífist og dafni og þar gegnir ReykjavíkurAkademían lykilhlutverki fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn.

ReykjavíkurAkademían byggir á grunni Félags ReykjavíkurAkademíunnar sem er félag á annað hundrað sjálfstætt starfandi fræðimanna í menningar-, hug- og félagsvísindum á Íslandi, stofnað árið 1997.

Félagið tilnefnir fulltrúa í stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses, sjálfseignarstofnunar

sem er allt í senn vinnustaður, vettvangur fræðilegra viðburða og umræðu og bakhjarl rannsókna og miðlunar sjálfstætt starfandi fræðimanna.

ReykjavíkurAkademían er í þórunnartúni 2. Fyrstu hæðinni deilir Akademían með *Bókasafni Dagsbrúnar*, sérfræðisafni um íslenska verkalýðshreyfingu og vinnumarkað. Þar er fundarherbergið *Ráðslag* og *Dagsbrún*, fyrirlestrasalur Akademíunnar. Á annarri hæð eru skrifstofa Akademíunnar, *Gáfnaskrín* (fundarherbergi) og 38 borð sem leigð eru fræðafólki um lengri og skemmri tíma.



FÓLKID Á BAK VIÐ STARSEMINA

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar ses (RA)

Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar sem var kosin á aðalfundi 3. júní 2021 hélt 11 fundi á starfsárinu.

Formaður er Ingunn Ásdísardóttir, varaformaður Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, ritari Gylfi Gunnlaugsson, gjaldkeri Ingimar Einarsson og meðstjórnandi Kristín Jónsdóttir. Varamenn í stjórn eru Lilja Hjartardóttir og Ásta Kristín Benediktsdóttir.



Stjórn Félags ReykjavíkurAkademíunnar (FRA)

Stjórn FRA kosin á aðalfundi 2021 hélt 3 fundi á starfsárinu.


Formaður Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, gjaldkeri Bára Baldursdóttir, ritari Árni Finnsson og meðstjórnendur þær Guðrún Hallgrímsdóttir og Salvör Aradóttir.

Ekki var haldinn sameiginlegur fundur stjórna (F(RA)).



Fagstjórn Bókasafns Dagsbrúar

Kristín Jónsdóttir og Mördur Árnason eru fulltrúar RA í fagstjórn bókasafnsins. Kristín er jafnframt formaður fagstjórnar.



Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðamanna

Fulltrúi RA í stjórn sjóðsins 2019 – 2022 var dr. Sverrir Jakobsson og dr. Steinunn Kristjánsdóttir til vara.

Ný stjórn var skipuð í byrjun árs 2022. Fulltrúi RA er dr. Þórunn Sigurðardóttir og dr. Davíð Ólafsson til vara.

Afmælisnefnd

Formaður Lilja Hjartardóttir, Bára Baldursdóttir, Gylfi Gunnlaugsson, Sólveig Ólafsdóttir og Þorleifur Hauksson.



Öndvegisstjóri

Sem fyrr hélt Björg Árnadóttir styrkum höndum um dagskrá Öndvegis og sá um utanumhald og framkvæmd fyrir hönd stjórnar FRA.



Sælustjórar

Eftir áralangt og farsælt starf steig Aðalsteinn Eypórsson úr stóli Sælustjóra. Tvær konur, Salvör Aradóttir og Ingibjörgu Hjartardóttur tóku að sér að fylla í

skarð Aðalsteins.

Akademónar í húsi

Á árinu 2021 störfuðu 45 fræðimenn, rithöfundar, þýðendur og fleira fjölbætt og listrænt fólk í Þórunnartúni 2.

Nöfn allra eru aftast í þessari skýrslu ásamt lista yfir stofnanir, fyrirtæki og félög sem störfuðu í ReykjavíkurAkademíunni á árinu 2021.

Starfsfólk og ráðgjafar 2021

Framkvæmdastjórinn Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir var eini fasti starfsmaðurinn á árinu 2021.

Sumarið 2021 starfaði Viktoría Emma Berglindardóttir í 3 mánuði við gerð þarfagreiningar á veflægu félagatali ReykjavíkurAkademíunnar.

Gunnlaugur Sighvatsson ráðgjafi yfirför rekstur RA og vann rekstaráætlun til 3ja ára. Verkefninu lauk vorið 2022. Eggert Guðmundsson kvikmyndatökumaður aðstoðaði við kaup á upptökubúnaði og Guðrún Ragnarsdóttir aðstoðaði við frágang á stefnu RA.

Árni Gylfason annast upptökur og streymi á stærri viðburðum og er ráðgjafi RA varðandi umsjón og leigu á upptökubúnaði RA.

Verkefnisstjórar

Björg Árnadóttir stýrði viðburðarröðinni ÖLLUM TIL HEILLA samtal um samfélagslisti.

Sesselja G. Magnúsdóttir vann skýrslu um sögu og möguleika rannsóknþjónustu RA.

Ingibjörg Hjartardóttir hafði umsjón með Bókasafni Dagsbrúnar.

Amtmaður

Stofnað var nýtt embætti amtmanns sem aðstoðar fólk í húsi, hefur umsjón með sýslumönnum og minna viðhaldi. Björn Halldórsson var fyrstur til að gegna stöðunni. Björg Hjartardóttir tók við keflinu vorið 2022.

Vertu með okkur í liði!

ReykjavíkurAkademían er samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks. Á vefsíðunni eru ýmsar upplýsingar um kosti aðildar að Félagi ReykjavíkurAkademíunnar.

Doktorsnemum og nýdóttor sem vinna að rannsóknum njóta 30% afsláttar af leigu.

Félög og lítil fyrirtæki eru aðilar að ReykjavíkurAkademíunni og þátttakendur í að skapa dýnamískt fræðafélag. Mörg þeirra nýta aðstöðu RA til funda- og viðburðahalds.

Á vefsíðunni eru krækjur á umsóknareyðublöð sem þarf að fylla í til að sækja um aðild að FRA eða um vinnuaðstöðu í Þórunnartúni 2.

Hægt að senda fyrirspurnir á skrifstofu RA á netfangið ra [hjá] akademía.is

STEFNA REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2021–2025

Stefna ReykjavíkurAkademíunnar 2021–2025 kom út í nóvember. Vinna við gerð hennar hófst um miðbik árs 2019 og náði hámarki í nóvember sama haust þegar demóvar komu saman í Skálholti og greindu hlutverk og framtíðarsýn ReykjavíkurAkademíunnar og tækifæri til umbóta.

Í stefnunni er lögð áhersla á að þetta bakland sjálfstætt starfandi fræðimanna með eflingu innviða stofnunarinnar sjálfrar og aukinni þjónustu við félagsmenn. Þá skal vinna að því að styrkja og skýra ytra starfsumhverfi félagsmanna og lyfta fram opinberlega þeim ávinningi sem vinna og sköpunarkraftur sjálfstætt starfandi fræðimanna skilar íslensku samfélagi í formi aukinnar þekkingar, sjálfsskilnings og efnahagslegum ábata.

Væntingar stjórnenda RA eru þær að á næstu árum muni ímynd RA styrkjast verulega, félagsmönnum og rannsóknaverkefnum fjölga og samráð og samvinna efla við atvinnulíf, sveitarfélög, opinberar stofnanir og félagasamtök.

Framtíðarsýnin byggir á fjórum meginstoðum og innan hvorrar stoðar eru skilgreind mælanleg markmið, áherslupættir og verkefni sem unnið verður að á næstu fimm árum.



Stefnuna má nálgast á vefsíðu RA.

SAMFÉLAG SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐAFÓLK. STEFNUSKRÁ 2021–2022

Samhliða útkomu stefnu ReykjavíkurAkademíunnar 2021–2025 hóf stjórn ReykjavíkurAkademíunnar vinnu við að efla þjónustu stofnunarinnar við sjálfstætt starfandi fræðafólk. Lokamarkmiðið er að stofnunin verði miðja samfélags sjálfstætt starfandi fræðafólks og starfi í þágu þess og samfélagsins alls að því að tengja, miðla, hvetja, styðja og skapa.

Verkefninu hefur verið skipt niður í fjögur undirmarkmið sem þó skarast með einum eða öðrum hætti:

- I. skilgreina hópinn og fylkja liði
- II. styrkja rannsóknainnviði og umhverfi rannsókna
- III. leiða í ljós hagræn áhrif af starfsemi sjálfstætt starfandi fræðafólks
- IV. gæta hagsmuna fræðafólks á vinnumarkaði

Fjölmörg þeirra verkefna sem unnið er að innan Akademíunnar tengjast verkefninu með einum eða öðrum hætti og er tæpt á hluta þeirra í kaflanum *Helstu verkefni 2021–2022* sem er á bls. 9–11 í þessari ársskýrslu.

Sérstök stefnuskrá stjórnar RA 2021–2022 var unnin til að ná yfirsýn yfir verkefnið. Stefnuskráin er til eins árs og gert ráð fyrir að stjórn RA 2022–2023 muni vinna nýja stefnuskrá eftir því sem verkefninu vinnur fram.

*Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks.
Stefnuskrá stjórnar RA 2021–2022 má
nálgast á vefsíðu stofnunarinnar.*



LYKILTÖLUR ÚR REKSTRI 2021

Rekstartölur

Rekstartekjur umfram gjöld voru kr. 767.724.

Tekjur að frádregnum fjármagnstekjum skiptast þannig að tæp 30% eru sjálfsaflafé, að stærstum hluta leigutekjur en umsýsla rannsóknarverkefna var í lágmarki sem og útleiga á aðstöðu og búnaði.

41,5% af tekjum ársins eru framlag ríkis og 3,6% styrkur frá Reykjavíkurborg vegna árána 2020 og 2021.

Framlag Eflingar vegna Bókasafns Dagsbrúna eru rúm 25% af heildartekjum stofnunarinnar og nýtast til að greiða kostnað af rekstri safnsins sem er 25,4% af rekstrarkostnaði RA. Rekstur húsnæðisins er tæp 41% af kostnaði og laun og verktakagreiðslur tæplega 17%.

Stærstu einstöku verkefni innanhúss voru kaup og uppsetning á streymis- og upptökubúnaði og endurskoðun á rekstri stofnunarinnar. Ársreikningur 2021 er birtur á bls. 27–29 í þessari skýrslu.

Starfsmenn og ráðgjafar

Á árinu störfuðu við stofnunina 2 starfsmenn í 1,25 stöðugildi eða alls 15 mannmánuði. Starf rekstar-ráðgjafa var 1 mannmánuður á árinu 2021.

Fræðafólk og félög í húsi

Vinnuaðstaða var fyrir 38 fræðimenn á árinu 2021. Samtals var fjöldi fræðafólks á árinu 45, þar af 3 forsvarsmenn stofnana og félaga. Í eftirfarandi tölum er ekki gerður greinarmunur á einstaklingum og lögaðilum. 25 aðilar leigðu aðstöðu allt árið en 20 aðilar voru að meðaltali 4,6 mánuði í húsi. Meðaldvalartími aðilanna 45 voru því 8,7 mánuðir. 7 einstaklinga leigðu hálft borð.

Hlutfall kynja er jafnt, konur voru 53% fræðafólksins og karlar 47%.

Á árinu bættust 10 nýjir fræðimenn í hópinn en 8 heltust úr lestinni. Á árinu störfuðu 4 doktorsnemar í húsi og 2 nýdóttar. Allir nutu 30% afsláttar á leigu.

Þónokkur fjöldi borða var laus allt árið og fleiri í lok árs en upphafi og kennum við kóvíd um en heimsfaraldurinn hefur reynst sjálfstætt starfandi

fræðafólki og þar með starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar þungur í skauti.

HELSTU VERKEFNI STARFSÁRSINS 2021–2022

Þjónustusamningar

Samningur við háskóla, vísinda og nýsköpunarráðuneytið var endurnýjaður til eins árs. Þá var ritað undir þjónustusamning við Reykjavíkurborg fyrir árin 2020–2022.

Nýr starfsmaður

Í byrjun ársins 2022 hóf Sigurgeir Finnsson bókasafns- og upplýsingafræðingur störf við Bókasafn Dagsbrúnar og ReykjavíkurAkademíuna. Sigurgeir starfaði áður við *Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafni* og hefur meðal annars reynslu í millisafnalánum og ýmsum störfum tengdum rannsóknarþjónustu og opnum aðgangi. Hann hafði umsjón með varðveislusafninu Opin vísindi og starfaði við innleiðingu IRIS, rannsóknarupplýsingakerfis fyrir háskóla og rannsóknastofnanir. Þá hefur Sigurgeir byggt upp og séð um vefinn openaccess.is.

Verkefni Sigurgeirs verða að gera Bókasafn Dagsbrúnar að öflugum og opnum sérfræðibókasafni og að auka stuðning við fræðafólk sem þangað leitar. Einnig að taka þátt í eflingu rannsóknarþjónustu RA og umsjón með

upptökum viðburða og kynningum og þróun stafræna miðla RA.



Endurskoðun á rekstri RA

Gunnlaugur Sighvatsson rekstarráðgjafi starfaði að endurskoðun á bókhaldi og rekstri RA. Hann vann rekstraráætlun til 3ja ára og ýmis grunnsköl sem nýtast við rekstur stofnunarinnar. Verkefninu lauk í maí 2022. Verulegur ávinningur er af starfi Gunnlaugs og mikil ánægja með hans störf.

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna

Nokkurt púður fór í að skoða umgjörð Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna en ásamt Hagþenki



tilnefnið ReykjavíkurAkademían fulltrúa í stjórn sjóðsins. Veikleikar sjóðsins komu í ljós annars vegar í kóvíd og hins vegar við breytingu á skipan ráðuneyta. Þá hefur stjórn RA áhyggjur af því að verklag við úthlutarnir úr sjóðnum hefur fjarlægst reglur sjóðsins og þeirrar hefðar sem hefur myndast. Óskað hefur verið eftir fundi með Áslaugu Örne Sigurbjörnsdóttur ráðherra hvin til þess að skoða þróunina og yfirfara reglur. Þá hefur verið farið fram á að sjóðurinn sem styrkir samfélaga mikilvægar rannsóknir sjálfstætt starfandi fræðafólks verði eflur umtalsvert. Beðið er svara frá ráðuneytinu. Ráðherra hefur af þessu tilefni verið boðið að ávarpa fræðafólk RA á afmælistáningu 14. október n.k.

Hagræn áhrif af starfi sjálfstætt starfandi fræðafólks
Erindi stjórnar RA um fund með Lilju D. Alfreðsdóttur ráðherra menningar, viðskipta og ferðamála til þess að ræða hagræn áhrif af starfsemi sjálfstætt starfandi fræðafólks var vel tekið af ráðherra. Fundurinn fór fram í lok mars og uppi eru væntingar um að starf sjálfstætt starfandi fræðafólks verði gert sýnilegt í hagtolum og stefnumótun stjórnvalda. Ráðherra ávarpaði fræðafólk RA á afmælistáningu 7. maí sl. að þessu tilefni.


Bakhjarl á vinnumarkaði

Staða sjálfstætt starfandi á vinnumarkaði er veik og mikilvægt að úr verði bætt. Samtali um málefnið við forsvarsfólk BHM og Fræðagarðs var fram haldið á starfsárinu. Meðal annars var fundað með *starfshópi BHM um sjálfstætt starfandi félaga bandalagsins* og með *Braga Skúlasyni* formanni *Fræðagarðs*. Verkefnið er unnið í samráð við AkureyrarAkademíuna og áfram munu Akademíurnar vinna að því að bæta stöðu félagsfólks á vinnumarkaði. Friðrik Jónsson formaður BHM ávarpaði fræðafólk RA á afmælistáningu 7. maí sl. að þessu tilefni.

Nafnasamkeppni

Á vordögum var blásið til samkeppni um nöfn á þremur samkomurýmum í Þórunnartúni 2. Niðurstaðan varð sú að *Ráðslag* var fest í sessi sem nafn á fundarherberginu á fyrstu hæð og *Gáfnaskrín* á fundarherbergi á annari hæð. Ráðslag þýðir ákvörðun, hugmynd eða ráðagerð samkvæmt ritmálasafni Árnastofnunar.

Gáfnaskrín er sótt í Lofsöngva Aðalsteins Eyþórssonar ortum til Þórunnar Jónassen sem árið 1908 tók sæti í bæjarstjórn Reykjavíkur og Þórunnartún heitir eftir. Aðalsteinn var heiðraður að hætti demóna.



Þá fékk fyrirlestrarsalurinn á fyrstu hæð Akademíunnar nafnið *Dagsbrún*. Ingibjörg Hjartardóttir á nafnið og auk aðdáunar og heiðurs var Ingibjörgu í þakkarskyni afhent demónsk gjöf.

Mikil og almenn ánægja er með nýja nafnið á fyrirlestrarsalnum sem er í hjarta Bókasafns Dagsbrúnar. Tillöguna rökstuddi Ingibjörg á eftirfarandi hátt:

Mín tillaga er að salurinn heiti DAGSBÚN. Það fallega nafn er að hverfa. Það hvarf svo til við stofnun Eflingar og er, það ég best veit enn nafn á bókasafni Dagsbrúnar. Dagsbrún þýðir dögum eða nýr dagur. Það getur líka þýtt birturönd hverfandi dags. En í tillögu minni þýðir orðið dögum, upphaf, fæðing.

Búnaður á fyrstu hæðina

Haldið var áfram að hlúa að funda- og fyrirlestraaðstöðu á fyrstu hæð Akademiunnar. Keypt var nýtt ræðupúlt í stað þess sem þjónað hefur Akademiunni allt frá frumherjaárum hennar. Filmur með merkjum RA og bókasafnsins og gáðinur voru settar í glugga og keypt voru samantellanleg borð sem nýtast bæði bókasafninu og Akademiunni.

Þá var á árinu fjárfest í fullkomnum búnaði til upptöku og streymis. Afraksturinn, upptökur frá viðburðum á vegum RA eru nú þegar aðgengilegar á stafrænum miðlum stofnunarinnar. Árni Gylfason er upptökustjóri RA og tók við af Eggert Guðmundssyni sem hvarf til annarra starfa. Upptökubúnaðurinn verður leigður út bæði með salnum og til notkunar utan Akademiunnar.

Gagnagrunnur – nýsköpunarsjóður námsmanna

ReykjavíkAkademían hlaut vorið 2022 styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna til þess að ráða tvo háskólanema. Nemarnir munu vinna gagnagrunn yfir fræðafólk ReykjavíkAkademiunnar og AkureyrarAkademiunnar, afurðir sem unnar hafa verið og styrkveitingar úr opinberum sjóðum við vinnslu þeirra. Sagnfræðinemarnir Pétur Stefánsson og Jens Arinbjörn Jónsson voru ráðnir til verksins.

Stafræn Akademía

Áfram er unnið að því að bæta vefsíðu Akademiunnar sem ramma um starf ReykjavíkAkademiunnar og sögu frá upphafi hennar árið 1997. Vefsíðunni er ætlað

að vera stafræn miðja stofnunarinnar og samfélags sjálfstætt starfandi fræðafólks.

Eftirfarandi skref í þá átt voru tekin á starfsárinu:

Í samtarfi við Vinnumálastofnun var ráðinn háskólanemi sem vann ítarlega þarfagreiningu fyrir gerð veflægs fræðimannatals. Til að vinna fræðimannatalið var síðan ráðinn vefforritari og hönnuður en ekki tókst að ljúka verkinu á starfsárinu.

Unnið er að því að skýra veftréð og fækka tenglum innan síðunnar. Þegar þeirri vinnu lýkur mun leit að gömlu og nýju efni verða einfaldari.

Þá er unnið að því að skrifa inn á vefsíðuna fréttir eða sögubrot sem smátt og smátt birtast í fréttahluta vefsíðunnar í rétttri tímaröð og í heild sinni í Gárum, síðu með sögulegu efni. Kallað er eftir ábendingum og efni frá ykkur sem til þekkið um allt það sem betur má fara.

Þýðing valdra hluta vefsíðunnar yfir á ensku og fleiri betrubætur á vefsíðunni bíður betri tíma.

STAFRÆNIR MIÐLAR RA

VEFSÍÐAN

www.akademia.is

INSTAGRAM OG FACEBOOK

www.instagram.com/reykjavikurakademia/

www.facebook.com/ReykjavikurAkademian/

VIMEO OG YOUTUBE

vimeo.com/reykjavikurakademian

www.youtube.com/channel/UCWbw9O-eH3-Pt6dYF1SqFPg

PÓSTLISTAR

FORUM, Fréttabréf ReykjavíkAkademiunnar
AKADEÓN, Póstlisti Félags
ReykjavíkAkademiunnar
DEMÓNAR, Innanhússpóstlistinn

Á starfsárinu voru Youtube- og Instagramsíður teknar í notkun.



TUTTUGU OG FIMM ÁRA AFMÆLI REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR – AFMÆLISÁR

ReykjavíkAkademían fagnar 25 ára starfsafmæli og mun halda upp á áfangann með pompi og prakt. Á slíkum tímamótum er mikilvægt að horfa yfir farinn veg, lyfta fram því sem vel hefur verið gert og læra af því sem miður fór. Ekki síður er mikilvægt að nota tækifærið og ræða um og skilgreina þau fjölmörgu verkefni sem við blasa og vinna saman að lausn þeirra.

Afmælisárið

Afmælisárið hófst laugardaginn 7. maí 2022 með málþinginu „Dútlæð við þjóðarsálina“ og lýkur með galadansleik laugardaginn 6. maí 2023 fyrir alla félaga í FRA. Í millitíðinni verður haldið upp á afmælisárið með ýmsum viðburðum. Þar ber hæst málþing um rannsóknir og rannsóknarumhverfið sem áformað er að halda 14. október næstkomandi.

Afmælisnefndin

Skipuð var afmælisnefnd til þess að skipuleggja afmælisárið og halda utan um dagskrá þess. Formaður er Lilja Hjartardóttir og ásamt henni sitja í nefndinni þau Gylfi Gunnlaugsson, Bára Baldursdóttir, Sólveig Ólafsdóttir og Þorleifur Hauksson.

Afmælisjóður ReykjavíkAkademíunnar

Stofnaður hefur verið afmælisjóður sem ætlað er að standa undir kostnaði við kaup á tækjabúnaði í fundarsalinn. Það er einlæg von stjórnar ReykjavíkAkademíunnar að Akademónar, gamlir og nýjir, þakki fyrir sig með því að greiða í sjóðinn og þannig tryggja áfram nýliðun fræðafólks og blómlegar

rannsóknir og miðlun íslensku (fræða)samfélagsi til heilla.

Endurgert félagatal 1997–2022

Félagatal Félags ReykjavíkAkademíunnar yfir tímabilið 1997–2022 hefur ekki varðveist. Því er unnið að því að endurgerð þess. Vinnunni er ekki lokið en í byrjun maí samanstóð listinn af nöfnum 650 einstaklinga sem starfað hafa við Akademíuna um lengri eða skemmri tíma.

Refill ReykjavíkAkademíunnar

Í tengslum við afmælið er unnið að gerð yfirlits yfir rannsóknir- útgáfur- og viðburði á vegum ReykjavíkAkademíunnar frá stofnun árið 1997. Yfirlitið hefur fengið heiti Refill ReykjavíkAkademíunnar og var prentað á 8 m langt spjald sem var stillt upp í Lestrarsal Safnahússins við Hverfisgötu meðan á málþinginu 7. maí stóð. Öllum er ljóst að refillinn er ófullkominn að innihaldi og kallað er eftir upplýsingum um allt það sem ekki er á reflinum. Hann er aðgengilegur á forsiðu vefsíðu RA. Smelltu á myndina af reflinum sem þá opnast þér. Krækja: https://www.akademia.is/wp-content/uploads/Akademia_Syning.pdf

DÚTLÆÐ VIÐ ÞJÓÐARSÁLINA Í 25 ÁR

... gleymum því ekki að meðal sterkustu grunnstöða ReykjavíkAkademíunnar eru allar þær fjölmörgu og fjölbreyttu rannsóknir og verkefni sem einstakir demónar hafa unnið á eigin forsendum. Þær undirstöður eru ein meginástæðan fyrir því að ReykjavíkAkademían lagði ekki upp laupana einhvern tíma á síðustu 25 árum en heldur upp á aldarfjórðungs starfsafmæli sitt á þessu ári og styrkir stöðu sína jafnt og þétt. Í tilefni tímamótanna var haldið afmælismálþing með hátíðardagskrá þann 7. maí sem var fjölsótt og heppnaðist ákaflega vel; margir gamlir Demónar mættu og hlýjir straumar í garð ReykjavíkAkademíunnar voru áþreifanlegir.

Ingunn Ásdísardóttir formaður stjórnar,
Úr formála Árskýrslu 2021



Reykjavík Akadémían 25 ára
„DÚTLAÐ VIÐ ÞJÓÐARSÁLINA“
Auðlegð þekkingar í aldarfjórðung

Safnahúsinu við Hverfisgötu, 7. maí 2022 kl. 13:00

Dagskrá

- 13:00 Lilja Hjartardóttir, formaður afmælisnefndar býður gesti velkomna
13:05 Ávarp; dr. Ingunn Ásdísardóttir, formaður Reykjavík Akademiunnar
13:15 Örsaga akademóns; dr. Sigurður Gylfi Magnússon, prófessor við Háskóla Íslands
13:20 Örsaga akademóns; dr. Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor við Háskóla Íslands
13:25 Örsaga akademóns; dr. Davíð Ólafsson, lektor við Háskóla Íslands
13:30 Ávarp; Lilja D. Alfreðsdóttir, ráðherra menningar, viðskipta- og ferðamála
13:45 Hátíðararindi: Færnikreppa? Menntun, innviðir og breytingar,
dr. Gauti Sigþórsson, varaforseti School of Arts, University of Roehampton, London
14:05 Umræður
14:20 Framtíðarsýn akademóns; Gunnar Þorri Pétursson, bókmenntafræðingur og þýðandi
14:25 Ávarp; Friðrik Jónsson, formaður Bandalags háskólamanna
14:35 Ávarp; Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri
14:45 Forseti Íslands, dr. Guðni Th. Jóhannesson, slítur málþinginu



Málþingsstjóri er Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur og rithöfundur.

Fagnaðarmóttaka með léttum veitingum



SVIPMYNDIR FRÁ AFMÆLISMÁLÞINGINU „DÚTLAÐ VIÐ ÞJÓÐARSÁLINA“

Sigurjón Hjartarson tók flestar myndirnar og enn fleiri sem hafa verið birtar á samfélagsmiðum RA.





RANNSÓKNIR OG RANNSÓKNARÞJÓNUSTA

Rannsóknarþjónusta ReykjavíkurAkademíunnar hefur það hlutverk að styðja við rannsóknir þeirra félaga sem starfa sjálfstætt innan vébanda Félags ReykjavíkurAkademíunnar. Rannsóknir félaganna eru fjölbreyttar, ná yfir margbreytileg sérsvið og flokkast ýmist sem grunnrannsóknir eða sem hagnýtar rannsóknir. Fræðafólkið starfar ýmist eitt eða í samvinnu við innlenda og erlenda rannsóknarhópa.

Rannsóknarstjóri RA heldur utan um rannsóknarverkefnin í samvinnu við verkefnisstjóra þess og annast um og ábyrgist bókhald þeirra rannsóknarverkefna sem hýst eru við stofnununa. Á Bókasafni Dagsbrúnar er einnig í boði ýmis þjónusta tengd rannsóknum. Þar má nefna aðstoð við upplýsingaleit og millisafnalán auk hagnýtra námskeiða. Þá býður Miðstöð framhaldsnám hjá Háskóla Íslands fræðafólki Akademíunnar að taka þátt í völdum námskeiðum sem sniðin eru fyrir doktorsnema.

Rannsóknir með heimilisfesti í ReykjavíkurAkademíunni

Fletum rannsóknarverkefnum sem RA hýsti lauk á árinu 2022 og því miður hafa umsóknir rannsóknahópa á vegum RA í rannsóknarsjóði ekki hlotið brautargengi undan farin ár. Þá hefur heimsfaraldur kórónuveirunnar ekki farið mjúkum höndum um sjálfstætt starfandi fræðafólk því ekki eingöngu sló veiran út stóran hluta vinnumarkaðarins heldur lamaði hún einnig tengslanetið og hindraði það samtal sem þarf að fara fram til að skapa rannsóknarhópa.

Íslenskar fornritarannsóknir og þjóðarmenning 1780–1918.

Clarence E. Glad og Gylfi Gunnlaugsson ásamt fleirum

DigistorID.

Salvöru Aradóttir og Ólafur Hrafn Júlíusson

Sögur og fylgdarmenn.

Axel Kristinsson, Árni Daníel Júlíusson og Viðar Hreinsson

Styrkt af RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) árið 2020 og felur m.a. í sér vinnslu gagnagrunns um þekktu fylgdarmenn helstu höfðingja Sturlungaaldar.

Gagnagrunnur yfir starf sjálfstætt starfandi fræðafólk

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir, Sigurgeir Finnsson, Lilja Hjartardóttir og Aðalheiður Steingrímsdóttir.

Verkefnið hlaut styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna 2022 og voru sagnfræðinemarnir Pétur Stefánsson og Jens Arinbjörn Jensson ráðnir til að vinna að verkefninu í sumar.

ReykjavíkurAkademían 1997–2022

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

Verkefnið gengur út á að safna í skjalasafn RA heimildum sem varða starfsemi félagsins og stofnunarinnar á tímabilinu 1997–2022. Meginmarkmiðið er að gera fylla í sköroð skjalsafns RA, endurgera félagatal FRA 1997–2022 og vinna úr efni til birtingar á vefsíðu stofnunarinnar.

SAMTAL VIÐ SAMFÉLAGIÐ – MIÐLUN ÞEKKINGAR

Digistroid – verkefnalok

Rannsóknarverkefninu Digistroid lauk á árinu 2021. Verkefnið skilur eftir sig mikilvægar afurðir sem hægt er að kynna sér á vefsíðunni <https://digistorid.eu/results/>. Þar má einnig skoða myndbönd sem unnin voru á meðan á rannsókn stóð <https://digistorid.eu/videos/>. Verkefnisstjóri er Salvör Aradóttir.

Doing Things with Old Norse Myth

Í lok nóvember var haldin í RA norræn ráðstefna Doing Things with Old Norse Myth: A Research Cultural Symposium on Mythological Processes. Ráðstefnan er hluti af hinna árlegu ráðstefnuröð Aarhus Old Norse Mythology Conferences. Ingunn Ásdísardóttir sat í verkefnisstjórn ráðstefnunnar.

Útgáfa Old Norse–Icelandic Philology

Undir lok ársins 2021 kom út hjá Hollenska forlaginu Brill, ritið *Old Norse–Icelandic and National Identity in the Long Nineteenth Century* í ritstjórn Gylfa

Gunnlaugssonar og Clarence E. Glad. Útgáfan markar lok rannsóknar styrktari af Rannís með heimilisfesti í Akademíunni.

Auk ítarlegs inngangs, inniheldur bókina tólf mislangar ritgerðir, þar sem fjallað er um þjóðernisleg viðhorf hóps fræðimanna, einkum íslenskra, sem stunduðu rannsóknir og útgáfur á norrænum fornþókmenntum á tilgreindu

tímabili. Sumir kaflar ritsins eiga rætur í erindum á alþjóðlegu málþingi sem Study Platform on Interlocking Nationalisms (SPIN) bauð til í Amsterdam í nóvember 2016.

Bókin fæst bæði í prentaðri gerð og sem rafrók.

ÖLLUM TIL HEILLA samtal um samfélagslistir

Umfangsmikil viðburðaröð sem byggir á víðtæku samstarfi. Hugmyndasmiðurinn og verkefnisstjóri er



Björg Árnadóttir. Nánar er fjallað um viðburðaröðina á bls. 21 í þessari skýrslu.

Dagsbrúnarfyrirlesturinn 2022

Að þessu sinni fór fyrirlesturinn sem haldinn er árlega í samstarfi við Bókasafn Dagsbrúnar, fram 17. febrúar 2022.

Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri Vörðu – rannsóknastofnunar vinnumarkaðarins fjallaði um fjárhagsstöðu innflytjenda á Íslandi, stöðu á húsnæðismarkaði og heilsu. Fyrirlesturinn byggði á nýlegri könnun á stöðu launafólks meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Hægt var að fylgjast með útsendingu á netinu og upptaka er aðgengileg á vimeo síðu RA.



Opnir fyrirlestrar

Í febrúar og mars fluttu Árni Finnsson og Arnþór Gunnarsson opinbera fyrirlestra í Dagsbrún sem einnig

var streymt. Nánari upplýsingar og myndir eru á bls. 23 í þessari skýrslu. Upptökur má nálgast á vimeosíðu RA.

Bókakvöld í sagnfræði

Í byrjun maí var haldið bókakvöld um sagnfræði í samvinnu við Sagnfræðingafélagið. Arnór Gunnar Gunnarsson hafði veg og vanda af viðburðinum sem var vel sóttur.

„Dútlad við þjóðarsálina“ afmælistálping

Fjallað er um þetta vel heppnað afmælistálping í máli og myndum á bls. 13–16 í þessari skýrslu.

Málstofa um Old-Norse Icelandic Philology

Þriðjudaginn 17. maí var haldin í Dagsbrún málstofa um ritið Old Norse–Icelandic and National Identity in the Long Nineteenth Century. Prófessorarnir Guðmundur Hálfðánarson og Jón Karl Helgason og dr. Bragi



Þorgrímur Ólafsson fagstjóri handritasafns Landsbókasafns rýndu bókina. Þá kynntu ritstjórnarnir verkið og brugðust við þeim athugasemdum sem fram komu. Málstofan var í streymi og eru upptökur aðgengilegar á vimeosíðu RA.

Söguþing 2022

Söguþing var haldið í fimmta sinn í maí 2022. Fræðimenn RA tóku þátt í þremur málstofum og raunar settu félagar í FRA mark sitt á þær flestar.

Fyrsta skal telja málstofuna Sögur og fylgdarmenn sem byggir á rannsóknarverkefni sem hlaut styrk hjá RÍM (Ritmenning íslenskra miðalda) árið 2020 og felur meðal




annars í sér vinnslu gagnagrunns um þekktu fylgdarmenn nokkurra helstu höfðingja Sturlungaaldar.

Verkefnið er unnið að sagnfræðingunum Árna Daníel Júlíussyni og Axel Kristinssyni og Viðari Hreinssyni bókmenntafræðingi. Þá var málstofunni stýrt af Ingunni Ásdísardóttur þjóðfræðingi og formanni stjórnar RA. ReykjavíkurAkademían er samstarfsaðili rannsóknarverkefnisins.



Þá fluttu tveir af fræðimönnum RA fyrirlestur. Þórunn Valdimarsdóttir sagnfræðingur og rithöfundur fyrirlesturinn „Hugvísindin til atvinnuveganna = fjöldans“ í málstofunni Sagnfræði innan veggja Háskólans og utan.



Þá steig á stökk Arnór Gunnar Gunnarsson sagnfræðingur og flutti fyrirlestur í málstofunni Áhugi og þátttaka Íslendinga og annarra Norðurlandabúa í róttækum stjórnmalabreytingum erlendra ríkja. Fyrirlesturinn bar heitið „Þessi mikla grimd Tyrkja gegn kristnum“: Stuðningur innan danska ríkisins við sjálfstæði Grikkja 1820–1830 í hugmyndafræðilegu samhengi“.

SKÝRSLUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2021–2022

Tekin var upp sú nýbreytni að gefa skýrslum ReykjavíkurAkademíunnar útgáfunúmer og birta á vefsíðu stofnunarinnar. Tilgangurinn er að tryggja aðgengi Félaga í FRA og styrktaraðila RA að upplýsingum um starfsemina og að halda saman skýrslu Akademíunnar og auka með því samfellu í starfi stofnunarinnar.

RA–2021–1

Stefna Bókasafns Dagsbrúnar 2021–2023

Tíundað er hlutverk bókasafnsins og stefna næstu þrjú árin og gerð tillaga að aðgerðaáætlun. Stefnan er samþykkt af stjórnnum Eflingar og ReykjavíkurAkademíunnar og er unnin af bráðabirgðastjórn bókasafnsins sem starfaði veturinn 2020–2021. Í bráðabirgðastjórninni sátu f.h. Eflingar, Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir skjalastjóri, og f.h. ReykjavíkurAkademíuna, Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir framkvæmdastjóri.
www.akademia.is/stefna-bokasafns-dagsbrunar-2021-2023/

RA–2021–2

Ársskýrsla 2020

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
www.akademia.is/arsskyrsla-reykjavikurakademiunnar-2020/

RA–2021–3

Rannsóknasmiðja RA, saga og markmið

Höfundur Sesselja G. Magnúsdóttir
Í skýrslunni lýsir höfundur rannsóknarþjónustu RA, skoðar það sem vel var gert og kemur með tillögur til úrbóta og aðgerða til að efla rannsóknarþjónustu RA.

Sesselja hefur djúpa þekkingu á málinu. Hún er fyrrum framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar og starfaði um árabil innan hennar veggja sem sjálfstæður fræðimaður og verkefnisstjóri Rannsóknasmiðju RA. Þá hefur hún gegnt ýmsum trúnaðarstörfum innan RA. Væntanleg á vefsíðu innan skamms.

RA–2021–4

Stefna ReykjavíkurAkademíunnar 2021–2025

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir

www.akademia.is/stefna-reykjavikurakademiunnar-2021-2025/

RA–2022–1

Samfélag sjálfstætt starfandi fræðafólks. Stefnuskrá stjórnar RA 2021–2022

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
www.akademia.is/stefnuskra-stjornarRA-2021-2022/

RA–2022–2

Ársskýrsla 2021

Ritstjóri Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir
www.akademia.is/arsskyrsla-ra-2021/

ÖLLUM TIL HEILLA samtal um samfélagslistir



ÖLLUM TIL HEILLA
Samtal um samfélagslistir

COMMON GOOD
Dialogue on Community Art

ÖLLUM TIL HEILLA er röð fyrirlestra, frásagna og listviðburða sem fjalla um hugmyndafræði, framkvæmd og gildi samfélagslista (e. Community Art) og þátttökulista (e. Participatory Art). Á viðburðaröðinni var sjónum beint að mikilvægi samfélags- og þátttökulista við inngildingu allra í samfélagið, lista sem leyfa óvæntum röddum að berast og bregða upp myndum af lífi þeirra sem búa við hvers kyns skerðingar og jaðarsetningu. Meginmarkmið viðburðaradarrinnar er að leggja grunn að skilningi á þeirri samfélagslegu nýsköpun sem samfélagslistir teljast, ræða um menningarleg mannréttindi, skoða hvað er á döfinni á sviði samfélagslista hérlandis og erlendis og stefna saman ólíkum hugsmunaaðilum til skrafs og ráðagerða.

Málþingið var ætlað fagfólki sem vinnur að því að gæta hagsmuna og að valdefla jaðarsetta einstaklinga og hópa. Tilgangurinn var að fjalla markvisst um beitingu skapandi aðferða til valdeflingar jaðarsettra og skapa umræðuhóp fyrir fagfólk til þess að ræða sameiginlegar áskoranir og lausnir.

Upptökur eru aðgengilegir á síðu ÖLLUM TIL HEILLA–verkefnisins, www.lakademia.is/ollum. Allt efnið er þýtt og textað, á íslensku og ensku enda markmiðið að stuðla að víðtæku samtali og samvinnu um inngildingu jaðarsettra með aðferðum listanna. Viðburðirnir voru fimm talsins:

HVAÐ ERU SAMFÉLAGSLISTIR?

16. febrúar kl. 15:00–17:00 á Stóra sviði Borgarleikhússins og í beinni útsendingu.

LISTSKÖPUN OG SAMVINNA: LEIÐIR AÐ VIRKNI OG VELFERÐ

Samvinnu- og þróunarverkefni Listaháskóla Íslands

16. mars kl. 12:00: Textuð og túlkuð útsending með umræðum á netinu.

INNGILDING Í ORÐUM OG AURUM

13. apríl kl. 12:00: Textuð og túlkuð útsending með umræðum á netinu.

SÖGUR AF SAMFÉLAGSLISTUM

11. maí kl. 12:00: Textuð og túlkuð útsending með umræðum á netinu:

LANGBORÐ: HVER ERU ÓSÝNILEG Í ÍSLENSKU LISTALÍFI?

15. júní kl. 12:00–14:00 í Klúbba Listahátíðar, Iðnó og í beinni útsendingu

ReykjavíkAkademían stendur fyrir málþinginu í samvinnu við Reykjavíkurborg, Öryrkjabandalagið, Listahátíð í Reykjavík og Listaháskólann auk þess sem fleiri stofnanir og félagasamtök koma að viðburðaröðinni sem Björg Árnadóttir, rithöfundur og ritlistarkennari stýrði. Björg hefur langa reynslu af því að beita skapandi aðferðum til valdeflingar jaðarsettra hópa og á mikið hrós skilið fyrir óeigingjarnt starf og merkilegt í þágu jaðarsetta. Menningarmálaráðuneytið styrkti ráðstefnuna.

SAMSTARFSADILAR

BAKHJARLAR



Borgarleikhúsið



Listaháskóla Íslands
Iceland University of the Arts



Listahátíð í
REYKJAVÍK



REYKJAVÍKAKADEMÍAN



Reykjavíkurborg



ÖBÍ



Bandísing íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists



Bandísing íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists



Rannsóknir og vísindisráðgjafi



Rannsóknir og vísindisráðgjafi



Stjórnarráð Íslands
Minningar- og vísindisráðgjafi

SKÝRSLA FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2020–2021



Á aðalfundi félagsins 2021 sem haldinn var 3. júní mættum við þreytt og móð eftir hálft annað ár í Covid-19 faraldrinum. Við leyfðum okkur þó að vera bjartsýn með að honum færi að linna og við í stjórn félagsins gætum hrundið af stað fyrirlestraröð með haustinu. Það fór nú ekki svo eins og allir vita, en meðan gætnin þurfti að vera í fyrirrúmi náðum við demónar í Þórunnartúni að þreyja þórrann og hlýða á hvort annað í Öndvegi. Eftirfarandi er dagskrá Öndvegis frá og með júní 2021:

Jólin komu í Þórunnartún

Aðventustund var haldin í Þórunnartúni 17. desember en vegna samkomutakmannanna var ekki hætt á að hafa með okkur gesti í ár.

Öndvegi

- 16. júní Björn Stefánsson bar saman samfélagsgerðir mótaðar a) af almennum gjaldmiðli og b) sjóðvali.
- 24. júní Ólafur Haukur Árnason, Ekkert er svo galið að einhver heimspekingur haldi því ekki fram"
- 16. sept Lilja Hjartardóttir, Hvers eiga Afganir að gjalda?
- 30. sept Björg Árnadóttir, ÖLLUM TIL HEILLA samtal um samfélagslistir
- 14. okt Björn Stefánsson, Bakki í Öxnadal Brot gegn stjórnvaldi
- 28. okt Guðrún Hallgrímsdóttir, Þörungar og hvað með það?
- 10. feb Björg Árnadóttir, ÖLLUM TIL HEILLA samtal um samfélagslistir
- 24. feb Björg Hjartardóttir, Róttæk Freyja (1898–1910) í Vesturheimi
- 10. mars Hjörleifur Hjartarson og Njála á hundavaði
- 24. mars Gunnar Þorri Pétursson, Tsjenrobyl–bænin
- 28. mars Þorleifur Hauksson og Guðmundur góði




Fyrirlestraröð ReykjavíkurAkademíunnar

Að afloknum sóttvarnaraðgerðum í lok febrúar á þessu ári ákváðum við að bjóða upp á opinn fyrirlestur í Dagsbrún, fundarsal ReykjavíkurAkademíunnar.

3. mars var Árni Finnsson með erindi sem bar yfirskriftina *Á milli Glasgow og Sharm El-Sheik* og fjallaði um niðurstöður Loftslagsráðstefnunnar í Glasgow (COP26) síðastliðið haust og velti upp álitamálum og spurningum um hvers má vænta af næsta fundi sem

verður haldinn í nóvember nk. í Sharm El-Sheik (COP27).
Upptaka af fyrirlestrinum er á vimeosíðu RA.



17. mars Arnþór Gunnarsson með erindið *Hæstiréttur Íslands. Saga*. Þar fjallaði Arnþór um bók sína *Hæstiréttur í hundrað ár*. Saga sem kom út hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi árið 2021 í tilefni af aldarafmæli réttarins 16. febrúar 2020.



Arnþór ræddi hvernig hann nálgast verkefnið og mótaði það, hvaða áskoranir það fól í sér og helstu niðurstöður. Einnig var vikið að þeim viðtökum sem bókinn hefur fengið. Upptaka af fyrirlestrinum er á vimeosíðu RA.


Í þágu samfélags sjálfstætt starfandi fræðafólks

Þar sem árvissar ferðir og aðrir mannfagnaðir fyrir félagsmenn lögðust af í tvö ár spöruðust fjárútlát. Ákvað stjórn félagsins að nýta skyldi þá fjármuni til að styrkja verkefni sem snúa að því að bæta haga félagsins og félagsmanna þess. Þannig var gerð félagatals styrkt sem og hönnun á fréttabréfi. Þá kom félagið einnig að 25 ára afmælistálfingi ReykjavíkurAkademíunnar sem haldið var 7. maí síðast liðinn.

Framundan er sumarið og stefnum við demónar á ferð í grasagarðinn í Laugardal, borgarsögugöngu um Reykjavík og ferð að rótum Heklu þegar nær dregur hausti.



Ásthildur Elva Bernharðsdóttir formaður FRA



BÓKASAFN DAGSBRÚNAR


Bókasafn Dagsbrúnar er sérfræðisafn, vísinda- og rannsóknarsafn um íslenska verkálýðshreyfingu og vinnumarkað, það eina sinnar tegundar á landinu. Þá er safnið almennt fræðibókasafn í hug-, hag- og félagsvísindum og handbókasafn fyrir ReykjavíkurAkademíuna. Bókasafnið er staðsett í nýjum húsakynnum á 1. hæð í Þórunnartúni 2. Þar er góð vinnuaðstaða fyrir þá sem rannsaka þróun verkálýðshreyfingar, velferðarkerfis og íslensks atvinnulífs auk þess sem mögulegt er að fá leigða þar tímabundna vinnuaðstöðu.

Meðal markmiða samstarfsaðilanna er að efla safnkostinn með markvissri söfnun og grisjun, að uppfæra vefsíðu safnsins þannig að hún nýtist sem upplýsingabrunnur um heimildir og rannsóknir á sögu og þróun íslenskrar verkálýðshreyfingar og atvinnulífs og að hugað verði að nýjungum í rekstri bókasafna, svo sem rafrænum aðgangi að gagnasöfnum og opnum aðgangi.

Á grunni samningsins var Bókasafninu skipuð fagstjórn til þriggja ára. Stjórnina skipa Kristín Jónsdóttir formaður, Möður Árnason, Kristjana Mjöll Hjörvar og fulltrúar Eflingar Ingibjörg Þóra Haraldsdóttir og Viðar Þorsteinsson. Þórunn Hafstað tók sæti Viðars á tímabilinu.

Forstöðumaður bókasafnsins er Sigurgeir Finnsson

Í MINNINGU Geirs Svanssonar (1957–2022)



Þann 21. mars 2022 andaðist Geir Svansson bókmenntafræðingur. Eftirfarandi minningarorð birtust í Morgunblaðinu.

Kveðja frá ReykjavíkurAkademíunni

Fallinn er frá, langt fyrir aldur fram, einn af máttarstólpum ReykjavíkurAkademíunnar á upphafsárum hennar, Geir Svansson bókmenntafræðingur eftir langt og strangt stríð við skelfilegan sjúkdóm.

Á þessum fyrstu árum vissi ReykjavíkurAkademían kannski ekki alveg enn hvað hún var eða vildi vera ... jú, nokkrir sjálfstætt starfandi fræðimenn með sameiginlega vinnuaðstöðu – en hvað var það, hvað fól það í sér, hvert var hlutverk og staða sjálfstætt starfandi fræðimanna,

gat ReykjavíkurAkademían orðið einhvers konar akademískur suðupottur? Í stefnumótun og allri umræðu um þessi mál átti Geir Svansson stóran hlut, ekki aðeins með orðum og orðræðu heldur einnig með verkum sínum og gjörðum.

Hægur og rólegur með sitt hlýja bros kom þessi myndarlegi maður eftir ganginum á fjórðu hæðinni í JL-húsinu þar sem ReykjavíkurAkademían hafði þá aðsetur; hann virtist jafnvel svolítið hlédrægur og lét lítið yfir sér, en skyndilega birtust tímamótandi greinar í virtustu bókmenntatímaritum landsins, marga binda ritröð með greinasöfnum eftir merkustu hugsuði samtímans leit dagsins ljós og ungir bókmenntafræðinemar birtust hver af öðrum geislandi af ákefð og áhuga eftir kennslu Geirs í Háskóla Íslands um menningar- og hugmyndafræði í bókmenntum og samfélagi.

Fljúgandi gáfur Geirs áttu ekki lítinn þátt í því að ReykjavíkurAkademían náði fótfestu og varð það sem hún er, öflugt samfélag sjálfstætt starfandi fræðimanna sem hafa að markmiði að kryfja og skilgreina fortíð og samtíð, miðla og fræða um nýjar stefnur og strauma í mannlegu samfélagi og menningu þess og takast á við umrót og kreddur með skarpleik og djörfung að vopni.

Síðustu árin sem Geir var í ReykjavíkurAkademíunni fór að ljós að hann gekk ekki heill til skógar en þrátt fyrir þverrandi mátt, bæði líkamlega og andlega, hélt hann sínu hlýlega brosi og ljúfa viðmóti.

ReykjavíkurAkademían vottar aðstandendum Geirs Svanssonar sína dýpstu samúð við fráfall hans.

F.h. ReykjavíkurAkademíunnar

Ingunn Ásdísardóttir, formaður

Ljósmynd: Jim Smart. Myndin var tekin í ReykjavíkurAkademíunni við Hringbraut og birtist í Morgunblaðinu 8. ágúst 2006.

ÁRSREIKNINGUR REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR SES 2021

REKSTRARREIKNINGUR 2021

Rekstrartekjur		2021		2020
Tekjur af skrifstofuhúsnaði.....	4	16.494.764		21.181.741
Tekjur vegna rannsóknarverkefna.....	1,6	64.849	14	138.000
Tekjur vegna bókasafns.....	8	14.105.000		9.240.000
Framlög á fjárlögum.....		23.200.000		22.600.000
Reykjavíkurborg vegna 2020 og 2021.....		2.000.000		0
Rekstrartekjur alls		55.864.613		53.159.741
Rekstrargjöld				390.826
Gjöld vegna skrifstofuhúsnaðis.....	5	(22.496.322)	(	22.038.504)
Gjöld vegna innanhússverkefna.....	1,7	(1.138.510)	14	(2.031.415)
Gjöld vegna bókasafns.....	9	(14.019.245)	(	9.353.547)
Laun og aðkeypt þjónusta.....	10	(9.300.535)	(	9.490.496)
Annar rekstrarkostnaður.....	11	(6.149.935)	(	4.561.610)
Afskriftir.....	2,12	(2.016.039)	(	1.983.243)
Rekstrargjöld		(55.120.586)		(49.458.815)
 Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		 744.027		 3.700.926
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur og verðbætur.....		70.504		198.287
Vaxtagjöld		(46.807)	(	13.005)
		<u>23.697</u>		<u>185.282</u>
Rekstrarárangur		767.724		3.886.208
 Fjármagnstekjuskattur.....		 (15.150)	(	 31.179)
Rekstrarárangur ársins		<u>752.574</u>		<u>3.855.029</u>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

Eignir

		2021	2020
Varanlegir rekstrarfjármunir			
Innréttingar bókasafni.....		6.346.378	7.932.973
Uppþökutæki.....		1.717.774	0
Málverk.....	2	125.000	125.000
	12	<u>8.189.152</u>	<u>8.057.973</u>

Veltufjármunir

Viðskiptakröfur.....	1 c	267.930	482.159
Handbært fé.....	13	17.508.711	15.277.092
		<u>17.776.641</u>	<u>15.759.251</u>

Eignir samtals		<u>25.965.793</u>	<u>23.817.224</u>
-----------------------	--	-------------------	-------------------

Eigið fé

Óráðstafað eigið fé.....		21.807.653	21.055.079
	15	<u>21.807.653</u>	<u>21.055.079</u>

Skuldir

Ógreiddur kostnaður.....		2.108.481	300.506
Verkefni í vinnslu.....	1, 14	1.598.293	2.132.315
Laun og launatengd gjöld.....		552.566	311.024
Útvarpsgjald.....		18.800	18.300
		<u>4.278.140</u>	<u>2.762.145</u>

Eigið fé og skuldir samtals		<u>26.085.793</u>	<u>23.817.224</u>
------------------------------------	--	-------------------	-------------------

YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI	2021	2020
HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI		
Frá rekstri	632.574	3.855.029
Mismunur á rekstrarárangri og handbæru fé til rekstrar		
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Afskriftir.....	2.016.039	1.983.243
Hreint veltufé frá rekstri	2.648.613	5.838.272
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Skammtímafröfur, (hækkun), lækkun.....	214.229	2.180.406
Skammtímaskuldir, hækkun, (lækkun).....	1.515.995	(101.058)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum	1.730.224	2.079.348
Handbært fé frá rekstri	4.378.837	7.917.620
FJÁRFESTINGAHREYFINGAR		
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum		
Áhöld og tæki.....	(2.147.218)	(9.916.216)
Ráðstöfun handbærs fjár	(2.147.218)	(9.916.216)
HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ.....	2.231.619	(1.998.596)
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN.....	15.277.092	17.275.688
HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK.....	17.508.711	15.277.092
KENNITÖLUR		
Eigið fé sem hlutfall af heildareignum.....	83,60%	88,40%
Veltufjárlutfall.....	4,16	5,71
Veltufé sem hlutfall af heildarskuldum.....	4,16	5,71

ÁRSREIKNINGUR FÉLAGS REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNAR 2021

ReykjavíkúAkademían, félag

Rekstrarreikningur ársins 2021

<i>Tekjur:</i>	2021	2020
Félagsgjöld	487.400	43.200
Vaxtatekjur	1.590	2.194
Aðrar tekjur	0	0
	<u>488.990</u>	<u>45.394</u>
<i>Gjöld:</i>		
Kostnaður vegna aðalfundar	7.940	0
Ferðir og skemmtanir	147.800	0
Öndvegiskaffi.....	51.800	0
Fjármagnstekjuskattur	350	485
Þjónustugjöld og kostnaður	25.839	2.935
RA stúdentastofa	161.494	132.480
Húsgögn ofl. fyrir Þórunnartún 2	0	0
Lén	6.330	6.230
	<u>401.553</u>	<u>142.130</u>
<i>Tekjur umfram gjöld</i>	<u>87.437</u>	<u>-96.736</u>

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 2021

Eignir:

Veltufjármunir:

Landsbanki 0101-26-530697	259.139	17.504
Landsbanki 0101-15-630905	596.139	384.931
<i>Eignir samtals</i>	<u>855.278</u>	<u>402.435</u>

Skuldir og eigið fé:

Eigið fé:

Hrein eign frá fyrra ári	842.226	547.662
Tekjur umfram gjöld	87.437	-96.736
Óinnheimtar tekjur	0	391.300
	<u>929.663</u>	<u>842.226</u>

Skuldir:

Útistandandi skuldir	12.950	26.494
	<u>12.950</u>	<u>26.494</u>

Skuldir og eigið fé samtals

<u>942.613</u>	<u>868.720</u>
----------------	----------------

Samþykkt 19. maí 2022
Björn P. Stefánsson

Stjórnunarmannadur

FRÆÐIMENN OG FÉLÖG

Konur og menn

Eftirfarandi fræðikonur og menn, rithöfundar og skáld störfuðu í ReykjavíkurAkademíunni um lengri eða skemmri tíma á árinu 2021:

Aðalsteinn Eyþórsson, Anna Gunndís Guðmundsdóttir, Anna Kristín Gunnarsdóttir, Arnór Gunnar Gunnarsson, Arnþór Gunnarsson, Árni Finnsson, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Bára Baldursdóttir, Björg Árnadóttir, Björg Hjartardóttir, Björn Halldórsson, Björn Stefánsson, Clarence Edvin Glad, Daníel G. Daníelsson, Einar Aðalsteinsson, Eyrún Eyþórsdóttir, Friðbjörg Ingimarsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Gunnar Þorri Pétursson, Gylfi Gunnlaugsson, Haukur Arnþórsson, Hildur Fjóla Antonsdóttir, Hjörleifur Hjartarson, Hrund Ólafsdóttir, Ingibjörg Hjartardóttir, Ingimar Einarsson, Ingunn Ásdísardóttir, Jón Kristinn Einarsson, Katrín Theódórsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Lilja Hjartardóttir, Mördur Árnason, Oddný Eir Ævarsdóttir, Ólafur Haukur Árnason, Unnur Guðrún Óttarsdóttir, Salvör Aradóttir, Sigríður Hjördís Jörundsdóttir, Sjöfn Kristjánsdóttir, Sólveig Ásta Sigurðardóttir, Stefán Pálsson, Svanur Kristjánsson, Sveinn Máni Jóhannesson, Tobias Fuchs, Þorleifur Hauksson og Þuríður Jónsdóttir.

Ritaskrá fyrir árið 2021 verður birt á heimasíðu Akademíunnar, www.akademia.is

Félög og fyrirtæki

Á árinu 2021 störfuðu eftirfarandi félög og fyrirtæki innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar:

Bókasafn Dagsbrúnar, U3A, Hagþenkir félag fræðibókahöfunda, Stílvopnið, Listmeðferð Unnar, Lýðræðissetrið og Náttúruverndarsamtök Íslands



REYKJAVÍKUR AKADEMÍAN

Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík
ra@akademia.is – sími 562 8565
www.akademia.is